

Þorláksmessa - Reykjavík

Líkt og margar hefðir í þjóðfélaginu eru Þorláksmessutónleikar Bubba Morthens orðnir ómissandi liður í undirbúningi jólanna. Í yfir 20 ár hefur Bubbi haldið þessari hefð sinni á Þorláksmessunni, lengst af á Hótel Borg, síðar á NASA við Austurvöll og í ár munu þeir verða haldnir í Háskólabíói v/ Hagatorg, líkt og undanfarin ár.

Að venju verður útvarpað frá tónleikunum á Bylgjunni. Bubbi mun halda sínar föstu hefðir með tímasetningu og hefjast tónleikarnir stundvíslega kl. 22:00. Engum blöðum er um það að fletta að Bubbi á sér fastan sess hjá þjóðinni og margir sem líta á Þorláksmessutónleika hans sem hluta af sínum jólaundirbúningi, annað hvort með að mæta á tónleikana eða hlusta á þá í útvarpi á meðan hugað er að jólahaldinu heima fyrir.

MIÐASALA;

Miðasala hefst á www.midi.is föstudaginn 18. nóvember. Við hvetjum fólk til að tryggja sér miða í tíma því mikil ásókn er í þorláksmessutónleikana

ÞAÐ SEM VERT ER AÐ VITA V/ 23. DESEMBER

-staðsetning	Háskólabíó
-tímasetning	kl. 22:00
-húsið opnar	kl. 21:00 (Hleypt inn í sal kl. 21:45)
-miðasala	www.midi.is
-miðaverð	3.900 kr
-sæti	selt er í númeruð sæti